



Fundur í Fræðslunefnd

21. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, fimmtudaginn 8. september 2016 og hófst kl 14:00.

Mætt voru: Dagrún Þórisdóttir, Stefán Benjamínsson, Svala Sævarsdóttir (í síma), Kristinn Lárusson (í síma), Elías Pétursson og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Aksturáætlanir í Langanesbyggð og Svalbarðshrepp

Formaður lagði fram akstursáætlanir annars vegar á milli Bakkafjarðar og Þórshafnar og hins vegar um Þistilfjörð.

Akstursáætlanir samþykktar í tölvupósti 6.9.2016 af öllum í fræðslunefnd. Skulu þær í framhaldi vera birtar á heimasíðu sveitarfélagssins.

2. Haustönn við Tónlistarskóla Langanesbyggðar

Fyrir liggja umsóknir fyrir 30 nemendur í skólann.

Vilji sveitastjórnar er að starfssemi tónlistarskólans miðist við eitt stöðugildi kennara og ekki sé um yfirvinnu að ræða. Ein manneskja getur tekið 18 nemendur í fullt nám ef hún er í 100% stöðu, sem leiðir af sér að ekki er hægt að verða við 100% kennslu fyrir 30 nemendur.

Lagt er til að allir sem sóttu um fái jafnt eða 50% nám fram að jólum.

Borið upp og samþykkt samhljóða í tölvupósti 6.9.2016

Þess skal geta að Ragnar er fús að taka nemendur í einkatíma á kostnað þeirra sem það kjósa.

Sveitarstjóri lagði fram drög að skólanámsskrá Tónlistarskóla Langanesbyggðar, drög að reglum/reglugerð Tónlistarskóla Langanesbyggðar og drög að starfslýsingum kennara við Tónlistarskóla Langanesbyggðar. Drögin eru unnin af Ingvari Sigurgeirssyni að ósk sveitarstjóra Langnesbyggðar.

3. Grunnskólinn á Bakkafirði

Formaður og sveitarstjóri reifuðu málið. Ingvar Siggeirsson skólaráðgjafi sveitarfélagsins sótti okkur heim dagana 1. og 2. september. Ástæða heimsóknarinnar var meðal annars að meta þá stöðu sem upp er komin í skólahaldi Grunnskólans á Bakkafirði. Í grunnskólann eru nú skráðir 8 nemendur sem dreifast í sjötta til tíunda



LANGANESBYGGÐ

bekk.

Aldursdreifing er eftirfarandi

3 nemendur í 6. bekk

1 nemandi í 7. bekk

2 nemendur í 8. bekk

2 nemendur í 10. Bekk

Ekki hefur, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, fengist kennari við skólann. Nú vantar því kennara til að kenna tungumál og stærðfræði á elsta stigi.

Ingvar tók saman minnisblað sem nefndarmenn fengu sent, í minnisblaðinu er sett fram stöðumat og hugmyndir að lausnum.

Bókun: Fræðslunefnd felur sveitarstjóra að vinna málið áfram á eftirfarandi forsendum.

Skólastjórum verði falin útfærsla á eftirfarandi.

Nemendur Grunnskólans á Bakkafjarði komi tvo daga í viku yfir á Þórshöfn, þá daga skuli nemendur þaðan fá kennslu í stærðfræði, ensku og dönsku að viðbættum íþróttum, vali og öðru sem mögulegt er.

Skólastjórum er falið að aðlaga stundaskrár sem og námsáætlanir nemenda að þessu og skal horft til þess að sem minnst sé um eyður og að nemendur Grunnskóla Bakkafjarðar finni sig sem hluta af skólahaldi á Þórshöfn.

Leitast verði við að skipuleggja skólaakstur þannig að nemendur geti notið frístunda- og félagsstarfs á Þórshöfn áður en heim er haldið á daginn.

Skólastjóri/kennari á Bakkafirði skulu, eftir því sem mögulegt er, koma á Þórshöfn umrædda daga og taka virkan þátt í starfi skólans þar. Einnig skulu skólastjórar beggja skóla leitast við að auka faglegt samstarf skólanna beggja, það samstarf skal vera gagnkvæmt.

Bókun samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál

Lögð er fram Eftirfylgniúttekt í Grunnskólanum á Þórshöfn

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl. 14.30